

**Samkomulag  
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs  
og BSRB undirritað 29. maí 2011**

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

Í framkvæmdaáætlun með kjarasamningi á árinu 2009 var samkomulag um að vinna að ýmsum þáttum mannauðsmála. Ekki náðist að ljúka verkefninu að fullu og því er lagt til að halda því áfram.

Á samningstímabilinu verði lagðar allt að 5 milljónir króna til þessa.

Í fyrrgreindri framkvæmdaáætlun var auk mannauðsmála gert ráð fyrir vinnu við ýmis önnur atriði sem ekki gafst tími til og gera aðilar ráð fyrir að því verði haldið áfram. Eins er stefnt að því að skapa vettvang þar sem hægt er að taka til umræðu málefni er lúta að framþróun starfsumhverfis starfsmanna ríkisins.

VEIKINDI OG ENDURHÆFINGARMÁL

Samningsaðilar einsetja sér að endurskoða uppbyggingu á fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og vinnuvernd. Markmiðið er að stuðla að því að brugðist sé við veikindum með fyrirsjáanlegum hætti og að starfsmanni sem veikist bjóðist viðeigandi úrræði sem fyrst. Þetta felur m.a. í sér aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði til að tryggja það að einstaklingar sem veikjast eða slasast og eru í virkri starfsendurhæfingu hafi möguleika á að koma til baka í samræmi við vinnugetu sína á hverjum tíma. Ljóst er að þessu markmiði verður aðeins náð ef gagnkvæmt traust ríkir milli atvinnurekanda og starfsmanna um fyrirkomulag við tilkynningu veikinda, endurkomu starfsmanna úr veikindum, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu í fyrirtækjum o.s.frv. Samningsaðilar taka þátt í stýrihópi á vegum VIRK sem vinnur að þeim markmiðum sem nefnd eru hér að framan. Sérstaklega verður fylgst með þróunarverkefni sem er að fara af stað á vegum VIRK um forvarnir og starfsendurhæfingu. Samningsaðilar munu nýta þá reynslu og þekkingu sem þar verður til inn í sínu starfi. Samningsaðilar munu vera starfsmönnum þessa þróunarverkefnis til stuðnings og ráðlegginga vegna álitamála sem upp koma í verkefninu og snúa að lög- og kjarasamningsbundnum réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

## SLYSATRYGGINGAR

Um slysatryggingar verði samið við þau félög þar sem það á við á grundvelli þeirra tillagna sem lagðar voru fram af BSRB.

## MANNAUÐSSTEFNA

Fjármálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að stofnanir ríkisins setji verklagsreglur svo sem um fjarveru starfsmanns vegna andláts nákomins ættingja, tæknifrjóvgunar og áfengismeðferðar. Vegna þessa verður öllum stofnunum sent bréf á haustmánuðum 2011 þar sem fram koma kröfur ráðuneytisins til stofnana hvað þetta varðar.

Reykjavík, 29. maí 2011

f.h. fjármálaráðherra

*Gunnar Björnsson (sign.)*

*Ágústa H. Gústafsdóttir (sign.)*

f.h. BSRB

*Elín Björg Jónsdóttir (sign.)*

*Árni Stefán Jónsson (sign.)*

*Kristín Á. Guðmundsdóttir (sign.)*